




Aksturs- og hvíldartími í flutningum á vegum





ESB AETR EES

Aksturs- og hvíldartími í flutningum á vegum

Þessar leiðbeiningar fjalla um mikilvægustu ákvæði í reglugerðum Ráðs Evrópu-bandalaganna (EBE) nr. 3820/85 um aksturs- og hvíldartíma, nr. 3821/85 um eftirlitsbúnað (ökurita) og í AETR-samningunum um alþjóðlega flutninga á vegum.

Ákvæði reglugerðanna eiga við um akstur í löndum ESB og EES.

Þegar ekið er til, frá eða í gegnum land innan AETR, gilda reglur AETR-samningsins alla leiðina. Reglur AETR-samningsins eru að mestu samhljóða ákvæðum reglugerðanna.

Lönd ESB eru: Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Stóra Bretland, Svíþjóð og Þýskaland.

Lönd EES eru: Ísland, Liechtenstein og Noregur.

Lönd AETR eru þann 1. apríl 1999: Andorra, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína, Búlgaría, Eistland, Hvíta Rússland (Belarus), Júgóslavía, Kasakstan, Króatía, Lettland, Moldavía, Pólland, Rúmenía, Rússland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Túrkménistan.


Öll ákvæðin er að finna í reglugerð dómsmálaráðuneytisins nr. 136/1995 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

Þar kemur það m.a. fram að starfsmenn Vegagerðarinnar (umferðareftirlit) og lögregla eiga að fylgjast með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt.



Markhópur

Leiðbeiningarnar ná ekki einungis til hvers og eins bílstjóra og vinnuveitanda hans. Þær ná ekki síður til hvers þess sem áformar og skipuleggur akstur, þar með taldir þeir sem annast vöruflutningaþjónustu, ferðaskrifstofur og fræðslufirvöld á þessu sviði.



Ökuritinn er m.a. notaður til að fylgjast með því hvernig ökumaðurinn virðir reglur um aksturs- og hvíldartíma.

Skyldur ökumanns

Áður en vinnudagur hefst ber ökumanni að sjá til þess að í bílnum séu nógu mörg skráningarblöð. Skráningarblöðin skal fylla út og skipta um daglega eins og lýst er á bls. 6 og 7. Hafa skal meðferðis skráningarblöð fyrir yfirstandandi viku og síðasta skráningarblað, þegar ekið var, frá næstu viku þar á undan.

Vikan er fastákveðin frá mánudegi kl. 00.00 og til sunnudags kl. 24.00. Þau skráningarblöð sem ökumaður á að hafa meðferðis í bílnum ber að afhenda eftirlitsmönnum/lögreglu gegn móttökukvittun sé þess farið á leit. Skráningarblöðin mega því ekki vera afrit.

Ef ökumaður hefur ekki ekið um nokkurra daga skeið er mælt með því að hann hafi meðferðis yfirlýsingu þess efnis frá vinnuveitanda sínum.

Ef ökuriti bilar meðan á akstri stendur skal ökumaður skrá upplýsingar um akstur tíma, hlé og hvíldartíma sinn aftan á skráningarblaðið.

Ökumaður hefur í samræmi við reglur ESB rétt á að fá afhent afrit af þeim skráningarblöðum sem hann varða.

Ábyrgð ökumanns

Fyrirtækið/vinnuveitandinn og ökumaður bera ábyrgð á að ökuritinn virki rétt og að hann fái rétta meðferð.

Ökumaðurinn ber refsíábyrgð á lögbrotum sínum. Þetta á jafnt við um lögbrot sem upp komast við fyrirtækjaeftirlit og eftirlit á vegum.

Skyldur fyrirtækis

Fyrirtækið skal sjá til þess að fræða ökumenn þannig að þeir þekki reglurnar. Áður en akstur hefst á fyrirtækið að fá ökumanni í hendur nægjanlegan fjölda skráningarblaða til allrar ferðarinnar ásamt aukablöðum. Skráningarblöðin eiga að hæfa í þann ökurita sem er í bílnum.

Númerið á gerðarviðurkenningarspjaldi ökuritans á að vera meðal þeirra númera sem prentuð eru aftan á skráningarblöðin.

Fyrirtækið skal skipuleggja vinnu ökumanns þannig að honum sé kleift að fara að reglum. Fyrirtækið skal einnig kanna með skipulegum hætti hvort farið sé að reglum.

Ef upp kemst um brot á reglunum skal fyrirtækið koma í veg fyrir að þau endurtaki sig.

Fyrirtækið skal geyma skráningarblöð allra ökumanna bifreiða þess í að minnsta kosti 7 ár eftir notkun.

Ábyrgð fyrirtækis

Fyrirtækið/vinnuveitandinn og ökumaður bera ábyrgð á að ökuritinn virki rétt og að hann fái rétta meðferð. Fyrirtækið ber þar að auki ábyrgð á því að ökuritinn sé í lagi og innsiglaður.

Bili ökuriti skal gera við hann eins fljótt og auðið er á verkstæði sem hlotið hefur faggildingu. Ef ferðalag stendur lengur en eina viku frá þeim degi sem ökuritinn bilaði ber að framkvæma viðgerð á meðan á ferð stendur á verkstæði sem hlotið hefur faggildingu.



Ökuriti/eftirlit

Við almenna árlega skoðun bifreiðar skal skoðunarmaður kanna hvort ökuriti starfi eðlilega, hvort skráningarplatan sé læsileg og föst, hvort innsigli séu órofin og hvort ökuritinn sé með gerðarviðurkenningarspjald. Einnig skal mæla ummál hjólbarða.

Eigi sjaldnar en á sex ára fresti skal eigandi færa ökutækið á verkstæði sem hefur faggildingu til að yfirfara og innsigla ökuritann. Skal þá skipt um skráningarplötu.

Þegar nýtt ökutæki er keypt skal fyrirtækið/vinnuveitandinn ganga úr skugga um að ökuritinn sé í lagi og með gildri skráningarplötu.



Að fylla út ökuritaskífu



Ökumönnum ber að nota skráningarblað daglega frá þeim tíma sem þeir taka við ökutækinu. Þetta á jafnt við um ökumann og aðstoðarökumann.



Skrá ber bæði fornafn og eftirnafn á skráningarblaðið (í samræmi við reglur ESB).



Nafn staðar þar sem akstur hófst.



Nafn staðar þar sem akstri lauk.



Dagsetning þegar akstur hófst.



Dagsetning þegar akstri lauk.



Skrá ber skráningarnúmer ökutækis á skráningarblaðið og sé skipt um ökutæki ber að skrá skráningarnúmer næsta ökutækis á bakhlið skráningarblaðsins ásamt hvenær skipt var um ökutæki.

Auk þess ber að skrá stöðu á veglengdarmæli fyrra ökutækis og einnig stöðu á veglengdarmæli næsta ökutækis.

Einnig er hægt að taka nýtt skráningarblað í notkun þegar skipt er um ökutæki.




Staða á veglengdarmæli eftir að akstri er lokið.



Staða á veglengdarmæli áður en akstur hófst.



Fjöldi ekinna kílómetra, ef við á.



Að skipta um skráningarblað





Ekki skal skipt um skráningarblað fyrr en eftir að akstursdegi lýkur eða þegar skipt er um ökutæki.

Hvert skráningarblað má að hámarki vera 24 tíma í ökurita.

Skráningarblöð eiga að fylgja ökumanni, ekki ökutæki.


Viðurkenningarnúmer



Dato _____	Firmanavn _____
L = _____ mm	
W = _____ Omdr. -km	
imp. -km	

Skipta skal um skráningarplötu við 6 ára skoðun. Hún er oftast límd inn í ökuritann.

Einungis má nota ökuritaskífuna í ökurita með þessum viðurkenningarnúmerum. Eins og myndin sýnir er ESB-viðurkenn-ingarnúmerið „23“ í samræmi við töluna á gerðarmerki ökuritans.





Akstursdagur

Akstursdagur er heildaraksturstími milli tveggja daglegra hvíldartíma eða milli daglegs hvíldartíma og vikulegs hvíldartíma.

Nýr akstursdagur er talinn hefjast að loknum daglegum hvíldartíma sem nær að lágmarki 8 klst.

Aksturstími

Aksturstími er sá tími þegar ökutækinu er ekið. Hlé, hvíldartími, biðtími og annar vinnutími en aksturstími telst ekki til heildarakstur tíma. Sama gildir um aksturshlé sem eru styttri en 15 mínútur.

Aksturstími samtals á milli tveggja daglegra hvíldartíma má að hámarki vera níu klukkustundir.

Tvo daga í viku er heimilt að lengja akstursdag í 10 klst.

Heildaraksturstími yfir tveggja vikna tímabil má ekki fara yfir 90 klst.


Hlé frá akstri

Þegar ekið hefur verið í 4,5 klst. skal ökumaður taka sér a.m.k. 45 mínútna hlé. Þessu aksturshléi má skipta niður í tvö eða þrjú „hlutahlé“ sem hvert um sig er að lágmarki 15 mínútna langt, þau má taka á aksturstímanum eða strax að honum loknum.

„Hlé“ er tímabil sem er a.m.k. 15 samhangandi mínútur sem ökumaður er ekki við vinnu.

Sé aksturstími rofinn í 45 mínútur samtals hefst nýr aksturstími sem er 4,5 klukkustundir að lengd, sama hvort áður hafi verið ekið í 4,5 klukkustundir eða ekki.

Í hléum er ökumanni ekki heimilt að inna af hendi neitt annað starf.





Hvíldartími er sérhvert órofið tímabil að lágmarki ein klukkustund að lengd þegar ökumaður ræður sínum tíma sjálfur.

Daglegur hvíldartími

Á hverjum sólarhring (24 tímum) skal ökumaður fá að minnsta kosti 11 klukkustunda samfelldan hvíldartíma.

Þrisvar sinnum í viku má stytta hvíldartímamann í níu klukkustundir samfelld, að því tilskyldu að jafnlangur hvíldartími og nemur styttingunni sé veittur sem uppbót fyrir lok þeirrar viku sem á eftir fer í framhaldi af minnst átta klukkustunda hvíldartíma.

Þá daga sem hvíldartímaminn er ekki stytur má skipta honum í tvö eða þrjú tímabil og verður eitt þeirra að vera a.m.k. átta samfelldar klukkustundir. Sé hvíldartíma skipt upp á þennan hátt skal daglegur hvíldartími vera 12 klukkustundir að lengd.

Hvert 24 stunda tímabil hefst þegar ökumaður ræsir ökuritann eftir daglegan eða vikulegan hvíldartíma. Samfelldur hvíldartími í a.m.k. átta tíma rífur 24 klukkustunda tímabil og nýtt 24 klukkustunda tímabil hefst.

Fleiri en einn ökumaður

Ef ökutæki er mannað fleirum en einum ökumanni allan aksturstímamann skal hver þeirra um sig fá að minnsta kosti átta tíma samhangandi daglegan hvíldartíma innan hvers 30 klukkustunda tímabils.

Ef tveir ökumenn aka ökutækinu verður ökuritinn að geta skráð samtímis en aðskilið og á tvö aðskilin blöð upplýsingar sem fram eiga að koma á skráningarblaði.

Svefnrými

Daglegan hvíldartíma má því einungis taka í ökutækinu að það sé útbúið svefnrými og sé kyrrstætt.

Ferjureglur

Ef aðeins er um einn ökumann að ræða má rjúfa daglegan hvíldartíma einu sinni á dag í mesta lagi eina klukkustund í senn í tengslum við akstur til og frá ferju eða



járnbrautalest. Rof hvíldartíma skal vera eins stutt og mögulegt er og sé um akstur um borð að ræða, má það í fyrsta lagi hefjast einni klukkustund fyrir eða ljúka í síðasta lagi einni klukkustund eftir að ekið er frá borði. Sé um tollmeðferð að ræða er hún talin með akstri til eða frá borði.

Þegar daglegur hvíldartími er rofinn á þennan hátt ber að lengja hann um tvo tíma.


Vikuhvöld

Eftir sex dagleg akstur tímabil ber ökumanni að jafnaði að taka 45 klukkustunda samhangandi hvíldartímabil.

Heimilt er að stytta vikulegan hvíldartíma í 36 klukkustundir samfelldar í heima-stöð eða í 24 klukkustundir samfelldar ef ökumaður er fjarri heimili sínu.

Sérhverja styttingu ber að bæta upp með jafnlangri hvíld í framhaldi af átta tíma hvíldartímabili eigi síðar en fyrir lok þriðju viku sem á eftir fer.

Vikulegu hvíldartímabili má þó fresta þar til eftir sjötta dag að því gefnu að ekki sé farið fram úr samtals leyfðum ökutímum á þeim sex dögum.



Alþjóðlegir farþegaflutningar


Sé um alþjóðlegan farþegaflutning að ræða fyrir utan áætlunarakstur er leyfilegt að bíða með að taka vikulega hvíld þar til eftir 12 dagleg ökutímabil eða þar til eftir 12. dag.


Akstur stími samanlagt má ekki verða meiri en 90 tímar í tvær samhangandi vikur.



Neyðartilfelli Force majeure

Sé hægt að samræma það umferðaröryggi getur ökumaður í undantekningartilfellum vikið frá ákvæði í reglugerðum EES (3820) og AETR-samningnum til þess að ná á viðeigandi bílastæði til að tryggja öryggi fólks, ökutækis eða farms. Að því loknu ber að skrá frávik og ástæður þess á bakhlið skráningarblaðsins.





Vegagerðin
Borgartúni 7
105 Reykjavík
Sími: 522 1000
www.vegagerdin.is